



Bæjarráð Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Kópavogi 7. apríl 2014

**Varðar: Tillaga að samkomulagi um sameiginlega ferðaþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu.**

Á stjórnarfundum SSH hinn 7. apríl 2014 lá fyrir tillaga að samkomulagi um sameiginlega ferðaþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu, ásamt tillögu að sameiginlegum reglum um ferðaþjónustuna og þjónustulýsingu vegna verkefna Strætó bs. við framkvæmd þjónustunnar.

Tillagan er unnin af verkefnahópi sveitarfélaganna sem falið var að vinna að undirbúningi sameiginlegs útboðs á akstri fyrir fatlað fólk í kjölfar skýrslu fyrri verkefnahóps á árinu 2011.

Á stjórnarfundum SSH hinn 3. febrúar 2014 lá fyrir tillaga verkefnahópsins um að mótað yrði sérstakt samkomulag sveitarfélaganna um sameiginlega ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu, og að sveitarfélögin myndu fela Strætó bs. að annast framkvæmd þjónustunnar með rekstri sérstaks þjónustuborðs og með því að annast útboð á öllum akstri sem tengist ferðaþjónustunni. Stjórn SSH samþykkti þessa tillögu verkefnahópsins og í framhaldi þar af hefur verkefnahópurinn ásamt ráðgjafa unnið að mótun samkomulagsins ásamt sameiginlegum reglum um þjónustuna og þjónustulýsingu.

Rétt er að taka fram að þær sameiginlegu reglur sem hér er gerð tillaga um hafa verið nokkuð lengur í vinnslu en samningstextinn sem nú liggur fyrir, og við mótun bæði reglnanna og samningstextans hefur verið haft talsvert samráð við hagsmunaaðila. Þeim hefur sömuleiðis verið sérstaklega kynnt sú tillaga að fela Strætó bs. að annast framkvæmd verkefnisins og það skráningar- og tölvukerfi sem notað verður við rekstur þjónustuborðs Strætó bs.

Stjórn SSH telur að fyrirbyggjandi tillaga að samkomulagi, sameiginlegum reglum og þjónustulýsingu taki á öllum meginþáttum tillögu verkefnahópsins frá 3. janúar 2014, og samþykkti að tillagan verði send aðildarsveitarfélögunum til afgreiðslu.

Óskað er eftir eins skjótri afgreiðslu aðildarsveitarfélaganna eins fljótt og auðið er, í ljósi þess að horft er til þess að hægt verði að hefja rekstur verkefnisins eigi síðar en um nk. áramót, og tími til undirbúnings útboðs oga annarra þátta verkefnisins er nú þegar nokkuð knappur ef sú tímasetning á að geta gengið eftir.

Sé þörf á frekari upplýsingum um meðfylgjandi tillögu að samkomulaginu, sameiginlegum reglum og þjónustulýsingu er hvatt til þess að haft verði samband við fulltrúa Hafnarfjarðar í verkefnahópnum, Guðmund Ragnar Ólafsson. Sömuleiðis getur Reynir Kristinsson, rágjafi hjá NOR ehf veitt frekari upplýsingar um málið

Virðingarfyllst,



Framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson

Meðfylgjandi:

- a) Tillaga að samkomulagi um sameiginlega ferðaþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu
- b) Tillaga að sameiginlegum reglum vegna ferðaþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu
- c) Tillaga að þjónustulýsingu vegna ferðaþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu
- d) Minnisblað til stjórnar SSH frá 31. janúar 2014 v.gerðar samkomulags um ferðaþjónustu fatlaðs fólks og verkefna Strætó bs. við frmkvæmd þjónustunnar.